

Hæ hæ..... smá fréttir frá foreldrafélaginu

Þann 1/3-10 var haldinn aðalfundur hjá foreldrafélagi leikskólans Vesturbergs. Frekar fámennt var á fundinum, og langar mig að undirstrika að á aðalfundi eru allir foreldrar velkomnir!

Það var kominn tími til að kveðja gömlu stjórnina (Katrín, Fanný, Harpa, Dröfn, Svala og Brynja – leikskólastjóri). Eftir smá breytingu og með tvo nýja meðlimi er stjórnin nú svona; Dröfn er formaður, Harpa varaformaður, Svala gjáldkeri, Ingibjörg ritari, Jóhann Páll og Katrín stjórnarmenn og Brynja er fulltrúi leikskólans.

Á fundinum fór Fanný yfir fjármál félagsins og skilaði af sér. Við þökkum henni fyrir vel unnin störf.

Brynja óskaði eftir því að foreldrafélagið greiddi fyrir rútu í útskriftaferðina og fyrir hestaleigu. Hvoru tveggja var samþykkt.

Ákveðið var að vera með lakkríssölu aftur, en með meira magn í þetta skipti....þar sem lakkrísinn rauk út síðast!

Við ræddum einnig vorferðina. Upp kom sú tillaga að halda okkur við heimahagana í ár og enda daginn með því að fara í innileikjagarðinn á Ásbrú. En nánari upplýsingar verða veittar fljótlega.

Ef þú/þið viljið koma tillögum/athugasemdum á framfæri endilega hnippið í okkur, látið Brynju fá miða eða sendið mér línu: ingibjorghlinar@gmail.com.

Fyrir hönd stjórarinnar með bestu vorkveðjum!

Ingibjörg Hlínardóttir